



Breytingar á birtingu uppgjörs í skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar

Við næstu birtingu á uppgjöri í skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar verða gerðar nokkrar breytingar. Fyrir það fyrsta verða uppgjörssvæði stækkuð og látin fylgja kjördæmunum að mestu í stað birtingar á sýslugrunni áður. Þetta er meðal annars gert til þess að gera meðaltöl marktækari en vegna fækkunar bóva standa sums staðar orðið æði fá bú bak við meðaltöl í hverri sýslu. Í öðru lagi verða birtar mun fleiri lykiltölur en áður sem lúta þá að fleiri þáttum en einungis fjölda gripa og afurðum. Í þriðja lagi verður svo birt uppgjör fyrir nautakjötsframleiðslu en það er nýjung að um slíkt sé að ræða hérlendis. Segja má að það sé hluti af því ræktunarátaki sem nú er í gangi við framleiðslu nautakjöts.

Skýrsluhald í mjólkurframleiðslu

Áfram verður birt yfirlit yfir fjölda bóva og kúa, meðalbústærð og afurðir eftir árskú. Tölurnar ná yfir öll bú sem eru í mjólkurframleiðslu og hafa skilað skýrslum þegar uppgjör er birt. Þessu til viðbótar munu ýmsar lykilstærðir verða birtar mánaðrlega sem ekki hafa verið birtar með reglubundnum hætti áður.

Þarna má nefna fjölda 1. kálfs kúa, fjölda kvígna eldri en 24 mánaða og endurnýjunarhlutfall en þessar stærðir segja okkur til um hversu hratt kúastofninn endurnýjar sig og hversu margar kvígur hafa náð burðaraldri.

Til fróðleiks er svo birt hlutfall kúa með förgunarástæðu, þ.e. kúa sem hafa tilgreinda ástæðu fyrir förgun. Óviss eða óþekkt ástæða telst ekki vera förgunarástæða enda liggur hún greinilega ekki fyrir.

Nýjar lykiltölur varðandi mjólkurframleiðsluna eru meðalbústærð í innlagðri mjólk, þar sem reiknuð er meðalbústærð þeirra bóva sem eru með innlegg alla síðustu 12 mánuði og kg OLM/árskú, þar sem afurðir eftir árskú eru birtar í kg orkuleiðréttar mjólkur (OLM). Þar er búið að taka tillit til þess að framleiðsla efnaríkrar mjólkur krefst meiri orku en þeirrar sem efnaminni er. Einnig kemur fram hver meðalmjólkurnýtingin er, þ.e. hlutfall innlagðrar mjólkur í mjólkurbú af framleiddri eða skýrslufærðri mjólk.

Nokkrar lykilstærðir varðandi framleiðslu kjöts eru teknar saman og birtar. Hlutfall kúa með sláturgögn segir til um hversu hátt hlutfall þeirra kúa sem afsettar hafa verið síðustu 12 mánuði eru með sláturgögn. Kyr sem hafa farist heima á búu eru að sjálfsgöðu ekki með sláturgögn.

Meðalflokkun er birt á líkan hátt og tíðkast í sauðfjárræktinni þar sem reiknað er meðaltal fyrir flokkun í holdfyllingarflokkum með því að gefa flokkunum tölugildi. Þau eru; P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14. Mínus-flokkar fá síðan einum lægra í tölugildi og plús-flokkar einum hærra þannig að t.d. P+ = 3. Meðalflokkun upp á t.d. 3,5 þýðir þá að flokkun liggur á milli P+ og O- að jafnaði.

Tekið er saman örlítið yfirlit um heilsufar kúnna síðustu 12 mánuði og byggir það á sjúkdómaskráningum og birt sem meðhöndlunartíðni á árskú.

Þá er gefið yfirlit yfir hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð og svo seinni burði. Þessi tala tekur til þeirra kálfa sem fæðast dauðir eða drepast í fæðingu á meðan að hlutfall dauðra kálfa 1-180 daga segir til um hversu hátt hlutfall kálfa drepst á fyrstu 6 mánuðum æviskeiðsins, þ.e. af þeim sem fæðast lifandi. Kálfar sem fá

afdrifin drapst á fyrsta sólarhring flokkast í þennan flokk.

Að lokum er svo horft til frjósemi og endingar kúnna en hvoru tveggja eru þættir sem vert er að gefa mun meiri gaum en hingað til. Dagar frá burði til 1. sæðingar er meðaltal sem sýnir hversu fljótt menn byrja að jafnaði að sæða kýrnar eftir burð. Eigi að láta kýrnar halda innan við 400 dögum milli burða er mikilvægt að byrja að sæða ekki seinna en 60 dögum eftir burð að jafnaði.

Meðalaldur við 1. burð sýnir okkur hversu gamlar kvígurnar eru þegar þær eignast sinn fyrsta kálf að jafnaði en þar glímum við þann gamla draug að margir láta kvígurnar ekki bera fyrr en við þriggja ára aldur. Reynslan af því er sú að þær kýmjólka því styttra sem þær bera seinna á æviskeiðinu.

Hlutfall kálfa undan sæðinganautum tekur til fæddra kálfa síðustu 12 mánuði og sýnir hversu hátt hlutfall þeirra er tilkominn með sæðingu. Þar er staða okkar afleit og nánast aumkunarverð í alþjóðlegum samanburði.

Þær tölur sem taka til endingar kúnna eru meðalaldur við förgun, sem gefur til kynna hver aldur kúnna í dögum er við förgun að jafnaði, meðalfjöldi burða við förgun, sem sýnir hve marga kálfa meðalkýrin hefur átt á sinni ævi og svo meðalæviafurðir fargaðra kúa. Sú tala segir okkur hve mikið þær kým sem fargað var á síðsutu 12 mán. hafa mjólkað frá 1. burði til förgunar að jafnaði.

Skýrsluhald í kjötframleiðslu

Hér er um að ræða nýtt uppgjör sem tekur til þeirra bóa sem eru ekki í mjólkurframleiðslu og eru með lifandi kým við lok uppgjörstímabils. Það má því segja að þetta yfirlit nái yfir meginþorra þeirra kúa sem nýttar eru til kjötframleiðslu þó vissulega séu þær kým sem eru á búum með mjólkurframleiðslu og merktar til kjötframleiðslu ekki með í þessu uppgjöri. Ástæðan fyrir því er tæknilegs eðlis en jafnframt eru þá búin flokkuð eftir sinni aðalbúgrein.

Á uppgjörsyfirlitinu kemur fram hversu mörg bú er um að ræða og hversu margar kým eru haldnar á þessum búum, sundurliðað í allar kým og holdakým af erlendu kyni. Þessar stærðir eru svo reiknaðar í meðalfjölda kúa á bú og árským á bú.

Á yfirlitinu má einnig sjá hversu margir burðir hafa verið á þessum búum síðustu 12 mánuði, meðalfjölda burða á bú sem og fjölda kúa á 1. kálfi. Einnig er gefið upp hversu margar kvígur hafa náð 24 mánaða aldri án þess að þær séu bornar. Endurnýjunarhlutfall er reiknað en það segir til um hversu hratt hjörðin endurnýjar sig, þ.e. hve hátt hlutfall kým á 1. kálfi eru af hjörðinni. Að lokum er í fyrsta lið yfirlitsins birt hversu hátt hlutfall kúa er með tilgreinda förgunarástæðu.

Í öðrum lið yfirlitsins er að finna upplýsingar um kjötframleiðslu búanna. Þar kemur fram hversu mörgum gripum hefur verið slátrað síðustu 12 mánuði og hversu hátt hlutfall þeirra er með sláturgögn. Þá er meðalkjötframleiðsla á bú reiknuð, þ.e. heildarframleiðsla viðkomandi bóa.

Birt eru sundurliðuð meðaltöl fyrir kým og ungneyti þar sem fram kemur meðalþungi, meðalflokkun og meðalaldur. Meðalflokkun er reiknuð á holdfyllingarflokkum þannig að P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14. Mínus-flokkar fá síðan einum lægra í tölugildi og plús-flokkar einum hærra þannig að t.d. P+ = 3. Fyrir ungneyti er svo reiknaður vaxtarhraði í g/dag miðað við fallþunga.

Að lokum er að finna í kjötframleiðsluyfirlitinu tölur fyrir öll ungneyti á landinu öllu, þ.e. fjölda sem slátrað hefur verið síðsutu 12 mánuði ásamt meðalþunga, meðalflokkun og meðalaldri. Þannig geta menn borið saman framleiðslu búanna með holdakým við framleiðslu landsins alls.

Á sama hátt og í mjólkuruppgjörinu eru birtar tölur úr sjúkdómaskráningu

umreiknað í fjölda tilfella á árskú. Þá er einnig yfirlit yfir dauðfædda kálfa við 1. burð, aðra burði og svo hlutfall þeirra gripa sem drepast á fyrstu sex mánuðum ævinnar.

Frjósemi er mikilvægur þáttur í rekstri búa með kýr til kjötframleiðslu eins og í öllum búskap eða búfjárrækt. Í yfirliti um frjósemi kemur fram fjöldi fæddra kálfa síðustu 12 mánuði ásamt bili milli burða. Það liggur í hlutarins eðli þegar haldnar eru kýr til kjötframleiðslu að reglulegur burðartími og hæfilegt bil milli burða hlýtur að vera gríðarlega mikilvægt atriði. Að jafnaði ætti bil milli burða ekki að vikja mikið frá 12 mánuðum eða 365 dögum en að öðrum kosti er hætt við að burður færast yfir óhagstæðan árstíma. Aldur við 1. burð er reiknaður sem meðaltal fyrir þessi bú og þá er tekin saman örlítill tölfræði úr sæðingum. Þar koma fram fjöldi sæðinga, fjöldi sæddra kúa, sæðingar á kú og dagar frá burði til 1. sæðingar. Að lokum er svo að finna þarna hlutfall kálfa undan sæðinganautum.

Að lokum

Ég hygg að við birtingu fyrstu yfirlitanna eigi mönnum eftir að bregða nokkuð en ákveðnar lykiltölur sýna glögg miklar brotalamir í bæði framleiðslu mjólkur og nautakjöts hjá okkur. Ég ætla á þessu augnabliki ekki að ljóstra upp hvar þær brotalamir liggja en það er nokkuð ljóst að allmargir framleiðendur eiga mikla möguleika á að bæta sinn rekstur og auka framleiðni sinna búa með bættri bústjórn og fagmennsku.

Það er okkar von að birting ítarlegri yfirlita úr skýrsluhaldi mánaðarlega geri mönnum betur kleyft að hagnýta tölurnar til samanburðar við sinn eigin rekstur og grípa til viðeigandi ráðstafana ef ástæða er til.